

FUNDARGERÐ

127. stjórnarfundur KRAFT

127. stjórnarfundur KRAFT var haldinn á netinu (Zoom)
19. maí 2021 kl. 20.10

Fundarmenn : Gry, Auðunn, Hinrik, Þórunn Brynja, Lára og Laufey.
Fjarverandi : Aron Ingi
Fundarritari : Laufey.

1. FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

Samþykkt.

2. DÓMARAMÁL

Laufey fór yfir fund sem dómaranefndin átti á Teams fundi. Velt var upp kostum hvernig hægt yrði að haga næsta dómaraprófi. Nefndin var sammála um að halda þurfi uppi gæðum dómaraprófsins með að hafa keppni þ.s. hvert dómaraefni fær ákveðinn fjöldi lyfta til að dæma. Hugmyndin er að hafa prófið í ágúst en skoða þarf það betur.

Róbert Kjarran er að uppfæra dómaraskjalið.

Sólveig formaður dómaranefndar er að ræða við alþjóðadómara og heyra í þeim hljóðið með keppnir á næstu misserum.

Það þarf að fá fleiri til að taka dómararéttindin og einnig alþjóðaréttindin.

3. UPPFÆRSLA Á LANDSLIÐSSAMNINGI

Gry og Þórunn Lilja í laganefnd fóru yfir samninginn og gerðar hafa verið tvær breytingar. Gry fór yfir tillögur sem varðar ferðakostnað og breyting á grein um lyfjamál. Samninginn má finna á heimasíðu KRAFT. Breytingin var samþykkt.

4. LYFJAEFTIRLIT

Borist hefur bréf frá IPF vegna lyfjaeftirlits. WADA uppfærði reglur í janúar sl. Nú er þess krafist að lyfjapróf séu framkvæmd af lyfjaeftirliti hvers lands en ekki hjá viðkomandi sambandi „,are no longer allowed to run their own national-level testing program“. Það eru lönd innan IPF sem hafa notað fyrirtæki sem ekki eru samþykkt af WADA t.d. Bandaríkin. Hér á landi er það Lyfjaeftirlitið sem sinnir þessu og samþykkt af IPF og WADA.

WADA er með fræðsluvef um lyfjamál, ADEL. Laufey mun setja inn á miðlana tengil á þessa síðu. IPF hvetur sérsambönd sem eiga aðilda að IPF til að vera með „Anti-Dopin Education Officer“ eða fræðslufulltrúa um lyfjamál. Lára Bogey samþykkti að taka að sér það hlutverk.

Stungið var upp á því að fá Birgi hjá Lyfjaeftirlitinu til að halda Zoom kynningarfund.

4. ÍSÍ ÞING

Þingið er búið, Gry, Hinrik og Lára fóru fyrir hönd KRAFT. Framhaldsþing í október. Skýrslur samþykktar og ný stjórn kosin.

5. ÍPRÓTTAMANNANEFND ÍSÍ

Arna Ösp bauð sig fram í kjör, hlaut ekki kosningu en KRAFT þakkar henni fyrir kærlega fyrir að hafa boðið sig í nefndina.

6. ÞJÓÐARLEIKVANGUR

Laufey er að vinna í að setja saman skjal með forsögn / kröfur sem gera þarf til þjóðarleikvangs kraftlyftinga.

7. ÞJÁLFARANÁMSKEIÐ

Er í vinnslu hjá Gry og Hinriki.

8. ÖNNUR MÁL

Umræða um íþróttagólf og kraftlyftingamót. Vitum um dæmi að íþróttahús vilja ekki kraftlyftingar eru ekki vinsælar. Þarf að skerpa með aðgengi að íþróttasölum.

Auðunn hefur fengið fyrirspurnir um styrki vegna fagteymis :

A hópur - 200.000 kr.

B hópur - 100.000 kr.

9. NÆSTI STJÓRNARFUNDUR

Gry sendir fundarboð um næsta stjórnarfund.

10. FUNDARLOK

Fundi slitið kl.21.30